

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2007

frá 6. júlí 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2028/2006 frá 18. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar leyfi til að nota í fóðri aukefnablöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 sem eru í flokknum örverur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2007 frá 5. febrúar 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1356/2004 að því er varðar skilyrði vegna leyfis fyrir aukefninu Elancoban, sem er í flokknum hnís lalyf og önnur lyf, í fóðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007 frá 5. febrúar 2007 um að leyfa natriummónensín (Coxidin) sem aukefni í fóðri ⁽⁴⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 37, 9.2.2007, bls. 10.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007 frá 14. febrúar 2007 um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fóðri sem er í flokknum hnís lalyf og önnur lyf ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007 frá 23. febrúar 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* (Biosaf SC 47) sem aukefni í fóðri ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 70, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 414, 30.12.2006, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 57, 24.2.2007, bls. 3.

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005):
„, eins og henni var breytt með:
 - **32006 R 2028**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2028/2006 frá 18. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 414, 30.12.2006, bls. 26).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2004):
„, eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 0108**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2007 frá 5. febrúar 2007 (Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 4).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006):
 - „1zzzg. **32007 R 0109**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007 frá 5. febrúar 2007 um að leyfa natríummónensín (Coxidin) **sem aukefni í fódri** (Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 6), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 37, 9.2.2007, bls. 10.
 - 1zzzh. **32007 R 0141**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007 frá 14. febrúar 2007 um kröfu **varðandi** samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fódri sem **er** í flokknum hníslalyf og önnur lyf (Stjtíð. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 9).
 - 1zzzi. **32007 R 0188**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007 frá 23. febrúar 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* (Biosaf SC 47) sem **aukefni í fódri** (Stjtíð. ESB L 57, 24.2.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 2028/2006, 108/2007, 109/2007, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 37, 9.2.2007, bls. 10, 141/2007 og 188/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) **Engin** stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.